

Fundargerð Læsissteymis

Mættar: Sella, Sunna, Berglind og Ásdís

- Fyrirlesturinn hennar Guðbjargar um túlkun niðurstaðna á Lesferilsprófunum var ekki til á Vimeo en Berglind fann skýrslu sem við kynnum okkur í janúar.
- Auður Björgvins er til í að hafa fund á Teams og kynna fyrir okkur hliðar Pals út frá hljóðavanda nemenda okkar. Fundurinn væri hugsaður fyrir okkur í Læsissteyminu og þeim á leikskólanum sem halda utan um skólahópinn. Mikil áhersla á að þetta sé ekki auka vinnupakki heldur eitthvað sem við gætum nýtt samhliða því sem er í gangi.
- Lestraráttak á að hefjast 5. janúar. Spurning hvort það eigi að breyta eitthvað til. Vörpum boltanum yfir til Nönnu með hugmyndir. Annars höfum við poppbaunaátakið til vara.
- LOGOS: Berglind talaði við Svein hjá félags- og skólaþjónustunni. Við höfum engan núna til að taka prófin þar sem Auður getur ekki sinnt þessu í vetur. Það er væntanlega sami vandinn í Grundarfirði eftir að María Ósk fór. Spurning hvort það sé einhver á lausu í Snæfellsbæ sem gæti lagt prófin fyrir hér, Berglind athugar það. Annars spurning um að fá einhvern í verktakavinnu frá Reykjavík.
- Júlíönuhátíðin: Gunnar Theódór kemur – það á eftir að setja okkur í samband við hann. Hann mun verða hjá okkur í 3 daga og vonandi vinna með mið- og unglíngastigi.
- Póstur sendur á kennara þar sem **minnt** er á lestrarátak 5. janúar og kallað eftir hugmyndum – í von um að geta hvílt poppbaunafyrirkomulagið.
- Næsti fundur mögulega 13. des 14:20 (eftir hugmyndum að lestrarátaki) eða á starfsdegi 3. janúar til að undirbúa lestrarátak.

Fundi slitið